

Sálfræði 403 – Auglýsingasálfræði

Lýsing áfanga:

Í áfanganum verða hlutverk og máttur auglýsinga á einstaklinginn og samfélagið skoðuð. Notast verður við hugtök félagssálfræðinnar og skynfræðinnar auk hugtaka úr öðrum fræðum. Nemendur greina auglýsingar eftir innihaldi og formgerð, kanna markhópa, neyslustýringu og aðferðir við að hafa áhrif á val og skoðanir. Litið verður til áróðurs og hvernig hann nær eyrum fólks. Afþreyingariðnaðurinn sem auglýsingavettvangur verður krufinn. Skoðað verður hvernig ímynd er byggð upp og að hvaða leyti sjálfsmynd og menning styðst við fjölmiðlun og neyslu.

Markmið áfanga eru að nemendur:

- Kynnist grunnþáttum félagssálfræðinnar.
- Þekki nokkur helstu hugtök skynfræðinnar.
- Verði meðvitaðir og sjálfstæðir neytendur.
- Fá innsýn í gerð auglýsinga.
- Átti sig á áhrifamætti auglýsinga.
- Geri sér grein fyrir eðli og áhrifum áróðurs.
- Þjálfist í að standa fyrir máli sínu.
- Efli gagnrýna hugsun.

Námsgögn:

Lesefni verður aðgengilegt á moodle. Þeir sem vilja útprentað hefti hafi samband við afgreiðslu fyrir páskafrí.

Námsmat:

- A.** Auglýsingakynning 20%
- B.** Auglýsingaverkefni 20%
- C.** Auglýsingamappa 20%
- D.** Lokapróf 20%
- E.** Ástundun og verkefni 20%

Athugið að til þess að ljúka áfanganum þarf að skila tilskildum verkefnum og einkunn ná að lágmarki 4,5 fyrir lið A, B, C og D. Nánar má lesa um reglur um próf og prófahald á heimasíðu MA: <http://www.ma.is/is/namid/reglur-um-nam/prof-og-profahald>.

Sálfræði 403

Námsáætlun vorannar 2013

<u>Kennsluvika</u>	<u>Dagar</u>	<u>Efni</u>	<u>Verkefni og skil</u>
1	31. jan. -1. feb	Kynning	
2	4.-8. febrúar	1. kafli	
3	11.-15. febrúar	1. kafli	Nemendakynningar
4	18.-22. febrúar	2. kafli	hefjast
5	25. feb-1. mars	2. kafli	
6	4.-8. mars	3. kafli	
7	11.-15. mars	3. kafli	
8	18.-22. mars	4. kafli	Auglýsingaverkefni
PÁSKAFRÍ			
9	3.-5. apríl	4. kafli	
10	8.-12. apríl	4. kafli	
11	15.- 19. apríl	5. kafli	
12	22.-26. apríl	5. kafli	
13	29. apríl-3. maí	6. kafli	Nemendak. lýkur
14	6.-10. maí	6. kafli	
15	13.-17. maí	6. kafli	Auglýsingamappa
16	21.-24. maí	Samantekt	

Oft er sá í orðum nýtur sem iðkar menntun kæra...

Hallgrímur Pétursson